

**Nd.**

## **378. Breytingartillögur**

við frv. til íþróttalaga.

Frá Pétri Halldórssyni.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „auka heilbrigði manna“ komi: og hreysti.
2. Við 2. gr. Í stað orðanna „og íþróttanefnd“ komi: íþróttanefnd og íþróttasamband Íslands (Í. S. Í.).
3. Við 3. gr.
  - a. Upphaf greinarinnar orðist svo:  
Íþróttafulltrúi skal skipaður samkvæmt tilnefningu íþróttasambands Íslands úr hópi féлага þess. Hann skal hafa alhliða þekkingu (o. s. frv.).
  - b. Við greinina bætist ný málsgrein:  
Íþróttafulltrúi starfar í náinni samvinnu við Í. S. Í., og skal hann hafa á hendi framkvæmdastjórn fyrir sambandið, ef þess er óskað af hálfu íþróttasambands Íslands.
4. Við 4. gr.
  - a. Í stað orðanna „og skal einn nefndarmanna ... ungmennafélags Íslands“ í 1. málsg. komi: og skulu tveir nefndarmenn skipaðir samkvæmt tilnefningu íþróttasambands Íslands.
  - b. Á eftir orðunum „Á sama hátt skal skipa varamenn.“ komi: Íþróttanefndin er skipuð til þriggja ára í senn.
5. Við 7. gr.
  - a. 1. tölul. orðist þannig:  
Íþróttasamband Íslands og félög og sambönd innan þeirra samtaka.
  - b. Við greinina bætist ný málsg., svo hljóðandi:  
Rétt er íþróttanefnd að leita álitis Í. S. Í. um allar styrkveitingar.
6. Við 9. gr. Við greinina bætist: Allar reglugerðir, er varða hina frjálsu íþróttastarfsemi í landinu, skulu sendar Í. S. Í. til umsagnar og samþykktar.
7. Við 14. gr. Við greinina bætist: Skal sú kennsla fara fram samkvæmt glímu-reglum Í. S. Í. á hverjum tíma.
8. Við 16. gr. Í stað orðanna „Skólanemendum er óheimilt ... utan skólanna“ komi: Nemendum barnaskóla, er hafa fullnægjandi íþróttakennslu í skólunum, er óheimilt að stunda íþróttæfingar í félögum utan skólanna.
9. Við 17. gr. Á eftir orðunum „áherzlu á“ komi: fræðslu um.
10. Við 20. gr. Við greinina bætist: Þjálfkennurum skal heimilt, þótt ekki hafi þeir íþróttakennarapróf, að kenna íþróttir í íþróttafélögum að fengnu samþykki Í. S. Í.
11. Við 23. gr. Á undan síðasta málsl. komi: Undanþegnir íþróttakennslu í kennarskólanum skulu þeir karlmenn, sem með læknisvottorði sýna fram á, að sú kennsla henti þeim ekki, sem og þær konur, er þess æskja skriflega.
12. Við 26. gr. 3. tölul. orðist þannig: Félögin séu í íþróttasambandi Íslands og greiði sambandinu tilskilin gjöld, sendi árlega fyrirskipaðar skýrslur og séu a. m. k. tveggja ára gömul.
13. Við 28. gr. Í stað orðanna „opinberan styrk“ komi: styrk úr íþróttasjóði.
14. Við 30. gr. Á eftir orðunum „til úrskurðar íþróttanefndar“ bætist: eða Í. S. Í., sé um íþróttafélag að ræða.